

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



18. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn mánudaginn 9.

september 2025 kl. 17 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. **Fjárhagsleg staða safnsins.** Lagt var fram yfirlit um rekstur safnsins til ágústloka. Safnstjóri svaraði fyrirspurnum stjórnar. Reksturinn er í góðu jafnvægi.
2. **Starfsáætlun Byggðasafns Árneseinga fyrir 2026.** Safnstjóri lagði fram. Verður afgreidd á næsta fundi.
3. **Rekstraráætlun Byggðasafns Árneseinga fyrir 2026.** Safnstjóri lagði fram drög að rekstraráætlun fyrir árið 2026. Launaliður hækkar um 3,5% skv. kjarasamningum. Nú er tekið tillit til útkomu ársins 2024 og áætlað í samræmi við það. Engar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu, en í stað páskaýningar og sumarsýningar í borðstofu verður grunnsýning safnsins endurbætt og uppfærð. Gengið verður frá endanlegri rekstraráætlun á næsta stjórnarfundi.
4. **Viðgerðir og viðhald.** Lagt var fram uppfært minnisblað um viðgerðir og viðhald á árinu. Skorsteinn Assistentaþússins hefur verið lagaður sem varð mikil framkvæmd og í leiðinni dyttað að ýmsu smálegu við Assistentaþúsið, Húsið, Eggjaskúrinn og Kirkjubæ. Öðru ekki eins aðkallandi verður frestað til næsta árs. Gert er ráð fyrir að viðhaldskostnaður verði innan ramma rekstraráætlunar. Á vegum fasteignasviðs Árborgar var skipt um bárujárn á þaki Beitningaskúrsins í sumar.
5. **Af vettvangi safnsins.** Starfsemi safnsins er í góðu jafnvægi á flestöllum sviðum um þessar mundir. Góður rómur hefur verið gerður að sumarsýningunni *Yfir beljandi fljót* sem fjallar um samgöngur í Árnessýslu áður en brýr og vegir gerðu ferðalög auðveldari en samgöngubæturnar höfðu mikil áhrif á samfélagið og nýir þéttbýliskjarnar urðu til. Farið var að vinna að gerð sýningarinnar í nóvember 2024 og var unnið að gerð hennar fram að opnun 20. júní. Safnið fékk styrk frá Safnaráði til gerðar hennar. Aðsókn að safninu er með svipuðu róli og undanfarin ár og gestir eru bæði innlendir og erlendir. Húsið Eyri var opið í nokkra daga í sumar í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Unnið er að gerð nýrra leiðsögubæklinga sem munu sjá dagsins ljós snemma á næsta ári en talverðan tíma hefur verið varið í að bæta ásýnd safnsins fyrir erlenda gesti fyrir styrk Safnaráðs. Ratleikur safnsins hefur verið þýddur á ensku og út er kominn ratleikur sérstaklega útfærður fyrir sjóminjasafnið. Unnið er að uppsetningu texta fyrir smiðjur sem flesta eiga sér stað í útihúsunum fyrir norðan Húsið. Ýmis aðföng hafa borist að safninu á árinu en mörgu er þó hafnað. Merkasti gripurinn sem barst safninu er fornþreifreiðin ÁR-67 sem er vörubíll, Ford árgerð 1930 með farþegahúsi, sem oftast er kallaður Gistihúsbíllinn eða Gunnarshúsbíllinn. Enginn tími hefur gefist til fullnaðarskráningar í Sarp á nýjum aðföngum sem er áhyggjuefni en mikil vinnuorka hefur farið í alla aðra þætti starfseminnar. Í ágúst var unnið að

Áh
SS
LP
1
pDI

móttöku Icelandic Roots sem er áttahagafélag Vestur-Íslendinga í Bandaríkjunum og fyrir þeirra tilstuðlan er kominn minningarbækkur í garð Hússins á um vesturfara frá Eyrbakka en ferðirnar hófust árið 1870. Safnstjóri hefur eftirlit með því að viðhaldi húsakynna safnsins sé sinnt og er þar í mörg horn að líta. Skammt er í að lokaúttekt byggingafulltrúa Árborgar fari fram á Búðarstíg 22 en nokkuð er liðið frá framkvæmdum og úttektin farist fyrir af ýmsum ástæðum. Verið er að skipuleggja dagskrá í október með fróðlegum fyrirlestrum og viðburðum í sal Búðarstígs 22. Einnig er farið að huga að jóladagskrá safnsins. Áætlanir fyrir næsta ár eru í vinnslu. Safnstjóri situr í farskólastjórn íslenskra safnamanna en árlegur farskóli íslenskra safnamanna verður að þessu sinni á Selfossi í byrjun október. Farskólanemendurnir sem eru um 150 talsins munu koma við á safninu.

6. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður fljótlega og verða þá starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir næsta ár afgreiddar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18,30.

Sandra Sigurðard.
Áni Eiríksson
Þórhildur Ingvadóttir
Bygðungrinn